



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangout - 15.11.2016 kl. 18:00

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

Fjarverandi:

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. FIA-NEZ - skýrslur

Fulltrúar þeirra keppnisráða sem tóku þátt í NEZ fundum skili keppnisráði viðkomandi greinar stuttri skýrslu, hvort heldur sem er skriflega eða munnlega. Gert er ráð fyrir að fundargerðir sem koma frá NEZ nefndarfundum berist áfram á keppnisráðin.

2. Úrskurður vegna Bíladaga

Sérstakur fundur verður boðaður um þetta mál síðar í þessari viku.

[Sjá úrskurð Aga- og úrskurðarnefndar hér.](#)

3. Keppnir í sýndarveruleika

Kynning á akstursípróttum í sýndarveruleika verður hjá eMotorsport Circuit í Helsinki dagana 28. til 30. nóvember næstkomandi.

Vilji stjórnar er að skoða þetta nánar og fylgjast með, en með því fororði að AKÍS hefur þegar samþykkt að koma að keppnishaldi FIA er Gran Turismo 7 kemur út á næsta ári.

4. Aðalfundur FIA

Aðalfundur FIA - Annual General Assembly (AGA) verður í Vínarborg dagana 28. nóvember til 3. desember 2016 og samþykkt að formaður færi þangað fyrir hönd AKÍS.

5. Keppnisreglur fyrir Buggy bíla

Fundur síðar í kvöld um keppnisreglur buggy bíla að frumkvæði FBSH (Umf. Heklu) auk áhugamanna frá Vík.

Gögn fundarins og niðurstöður munu sendar stjórn í kjölfar fundarins.

6. Formannafundur ÍSÍ

Ragnar Róbertsson fór á formannafund ÍSÍ síðastliðinn föstudag.

Ný útgáfa af Felix fer í loftið í lok árs 2016. Formaður og stjórn ÍSÍ verða nú kosin til fjögurra ára.



7. Önnur mál

Keppnisdagatal - Akstursípróttafélagið Start hefur óskað eftir tilfærslu á torfæru frá 8. júlí 2017 til 1. júlí. Stjórn AKÍS óskar eftir frekari röksemdum fyrir þeirri ósk.

Mæting á stjórnarfund - Samþykkt að birta mætingu á stjórnarfundum á vef AKÍS miðað við síðasta ársþing.

Women in Motorsport - Framkvæmdastjóri minntur á að setja upp tengil fyrir WIM á heimasíðu AKÍS. Til að byrja með verður þar tengill inná samsvarandi síðu hjá FIA.